

Fundargerð 382. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, miðvikudaginn 24. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 381. fundar frá 18. janúar sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Sameiginlegt útböð á rafmagni til hafnasjóða - 1511002HA

Lagðar fram niðurstöður úr úttekt á rafmagnskostnaði hafna.

Starfsmanni falið að afla upplýsinga um rafmagnsmál frá fleiri höfnum. Fjallað verður betur um málið á næsta stjórnarfund.

3. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA

Lögð fram að nýju drög að dagskrá Hafnasambandsþings 2016.

Starfsmanni falið að halda undirbúningi áfram.

4. Kynning á starfsemi hafna - 1509035HA

Lagt fram minnisblað frá Athygli, dags. 19. febrúar 2016, þar sem fjallað er um hugsanlegar leiðir til að kynna starfsemi hafna á jákvæðan hátt gagnvart almenningi og fyrirtækjum.

Starfsmanni falið að ræða málið betur við Athygli og hugsanleg fá kynningu hjá þeim á næsta hafnasambandsþingi.

5. Ársreikningur 2015 - 1602002HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2015 áritaður af reikningshaldara.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu verði frestað þar til þessu er lokið.

Ákveðið að færa til tímasetningu næstu stjórnarfundar. Næstu fundir verða föstudaginn 1. apríl og föstudaginn 29. apríl 2016.

Fundi var slitið kl. 12:30

Gísli Gíslason

Már Sveinbjörnsson

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Björn Arnaldsson